

Reykjavík, 5. febrúar 2009

Dreifbréf til allra váttryggingartaka Sparnaðarlíftryggingar hjá Sjóvá-Almennum líftryggingum hf.

Sparnaðarlíftryggingin var endurnýjuð 1. janúar sl. Við vísum til meðfylgjandi stöðu og ársyfirlits sem geymir ítarlegri upplýsingar um sparnaðarlíftrygginguna, horfur á fjármálamörkuðum og ávöxtun sjóða síðustu 48 mánuði.

Eins og fram kom í bréfi félagsins þann 20. nóvember sl. hafa fjárfestingar vegna sparnaðar legið niðri á haustmánuðum vegna tímabundinnar stöðvunar viðskipta með sjóði í kjölfar bankahrunsins á Íslandi og óvissu á gjaldeyrismarkaði. Eftir þetta langa óvissuástand liggur fyrir hvaða fjárfestingaleiðir félagið mun bjóða upp á frá og með janúar 2009 vegna þess sparnaðar sem greiddur hefur verið frá október 2008 og verður greiddur áfram.

Erlendir sjóðir í vörslu Henderson Global Investors

Sjóðaval verður óbreytt, þ.e. hægt er að velja um eftirfarandi sjóði:

| | |
|-------------------|---------------|
| Skuldabréfasjóður | Þróunarsjóður |
| Alheimssjóður | Evrópusjóður |

Þeir sem hafa sparað í gegnum Henderson-sjóðina munu því halda áfram fjárfestingum í þeim sjóðum. Þetta eru góðar fréttir fyrir þá sem kjósa að fjárfesta erlendis en fyrst þegar gjaldeyrisreglur Seðlabanka Íslands voru settar í lok nóvember 2008 leit út fyrir að fjárfestingar í slíkum sjóðum yrðu með öllu bannaðar. Í byrjun janúar sl. tilkynnti hins vegar Seðlabankinn þá ákvörðun sína að ekki yrði hreyft við gildandi samningum um sparnað erlendis. Þetta þýðir að ekki verður hægt að gera nýja samninga um fjárfestingu í erlendum sjóðum með vísan til gjaldeyrisreglnanna og ekki verður hægt að hækka fjárhæðir sparnaðar sem ávaxtaður er erlendis vegna sömu reglna.

Innlendir sjóðir í vörslu Glitnis

Sjóðaval hjá Glitni breytist nokkuð. Nú verða eftirfarandi sjóðir opnir til fjárfestinga:

| | |
|------------------|---|
| Ríkissjóður | NÝR SJÓÐUR: Innláns- og ríkisskuldabréfasjóður |
| Hlutabréfasjóður | NÝR SJÓÐUR: Innlánessjóður |

Vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust á fjármálamörkuðum sl. haust var ekki talið unnt að bjóða lengur upp á nýjar fjárfestingar í nokkrum sjóðum sökum óvissu um aðgengi að þeim. Um er að ræða eftirtalda sjóði:

| | |
|----------------------------|----------------------|
| Innlend verðbréf | Erlend hlutabréf |
| Íslensk verðbréf | Íslensk skuldabréf |
| Blandaður hlutabréfasjóður | Erlendur vaxtasjóður |

Þetta þýðir að viðskiptavinir sem hafa verið með fjárfestingar í þessum sjóðum munu ekki geta fjárfest þar lengur og sparnaði þeirra frá og með janúar 2009 beint til fjárfestinga í nýjum sjóði, **Innláns- og ríkisskuldabréfasjóði**. Sá sjóður hefur það að markmiði að ná stöðugri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði og fjárfestir í innlánnum og skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.

Vakin er sérstök athygli á því að félagið mun áfram ávaxta eignir vegna þess sparnaðar sem hefur safnast upp í þessum lokuðu sjóðum, upplýsingar um fjárfestingastefnu þeirra sem og annarra sjóða má fá á heimasíðu félagsins www.sjova.is. Viðskiptavinir geta þó fært þær inneignir sínar í þá sjóði sem eru opnir til fjárfestinga, gegn greiðslu 1% umsýslugjalds. Upplýsingar um breytingar þurfa að hafa komið fram fyrir 15. febrúar nk. ef þær eiga að taka gildi strax. Eyðublöð vegna sjóðabreytinga má finna á heimasíðu félagsins.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá ráðgjöfum félagsins í síma 440 2000 eða með því að senda póst á netfangið spnadur@sjova.is